

Dags. 24.9.2003

6. fundur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar

Þann 24. september 2003 var haldinn fundur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar í Kjarna. Fundurinn hófst kl. 17 .00 og hann sátu undirrituð. Fyrir var tekið:

1. **Fjárhagsáætlun**

Kristján Jóhannesson gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsþjónustunnar. Við endurskoðun fjárhagsáætlunnar fyrir árið 2003 er ljóst að framlag vegna Stofnanþjónustu Akureyrar þarf að hækka um kr.200.000 og heimaþjónustan um kr. 700.000. Fjárhagsáætlun fyrir 2004 hljóðar upp á kr.18.250.000.

2. **Greiðsla húsaleigubóta**

Félagsmálanefnd samþykkir að umsóknir nema um húsaleigubætur, sem lagðar eru fram um áramót gildi það almanaksár, svo framarlega sem nýr húsaleigusamningur verði lagður fram að hausti. Nefndin leggur til að húsaleigubætur verði greiddar skv. lögum og skuli auglýstar fyrir 1. nóvember.

3. **Garðshorn**

Félagsmálanefnd lýsir yfir ánægju sinni með kr.100.000 styrk til Garðshorns og leggur til að styrkurinn verði tekinn af liðnum óráðstöfuðu fé félagsmálanefndar.

4. **Bygging leiguíbúða**

Jóhann Guðni Reynisson sveitarstjóri kynnti hugmyndir um kaup sveitarfélagsins á leiguíbúð við Lautaveg á Laugum. Nefndin leggur til að íbúðin verði keypt.

5. **Dvalarheimili aldraðra s.f. í Þingeyjarsýslum**

Farið yfir samþykktir fyrir Dvalarheimili aldraða s.f. í Þingeyjarsýslum og gerðar eftirfarandi tillögur til breytinga: úr 2. gr. hverfi Bárðdælahreppur, Ljósavatnshreppur, Reykdælahreppur og í staðinn komi *Þingeyjarsveit á þjónustusvæði Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.*

6. **Samningur um stofnanþjónustu fyrir aldraða á Akureyri**

Farið yfir samninginn og lagt til að í 1. gr. um samningsaðila standi *Þingeyjarsveit á þjónustusvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.*

7. **Ferðakostnaður**

Fyrirspurn barst um greiðslu ferðakostnaðar einstaklinga vegna sjúkraþjálfunar. Félagsmálanefnd telur ekki ástæðu til að taka þátt í þeim kostnaði.

8. **Aðalfundur Eyþings í Ólafsfirði 26. september 2003**

Samþykkt að Rósa Ösp Ásgeirsdóttir sækji kynningu á forvarnarverkefninu “Vertu til” fyrir hönd félagsmálanefndar.

9. **Ár fatlaðra**

Kynnt bréf frá Félagsmálaráðuneyti um málefni fatlaðra á vettvangi Evrópusambandsins. Félagsmálanefnd hvetur sveitarstjórn að huga vel að aðgengi fatlaðra við nýbyggingar og endurbætur á vegum sveitarfélagsins.

10. Stefnumótun á málefnum aldraðra

Rósa Ösp lagði fram punkta til frekari umræðu.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 20.10

Jón Jón Þ. Óskarsson (sign)
Ingvar Vagnsson (sign)
Hildigunnur Jónsdóttir (sign)
Gréta Ásgeirsdóttir (sign)
Rósa Ösp Ásgeirsdóttir (sign)